

**Nd.**

**SO. Breytingartillögur**

við frv. til fátækralaga.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. Við 20. gr. Fyrir »og heldur þá . . . . sveitarfelagi hans« komi: og fylgir þá sveitfestin þeirri sveit, er maður verður í við skiftinguna eða merkjabreytinguna.
2. Við 21. gr. Greinin orðist svo:  
Eftir 16 ára aldur á hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararétt, framfærslurétt í þeirri sveit, þar sem hann á lögheimili eða sannanlega átti síðast lögheimili.  
Nú á maður fleiri heimili en eitt, og á hann þá sveit þar, sem aðalheimili hans er.
3. Við 22. gr. Greinin orðist svo:  
Þeirri sveitfesti, er menn hafa unnið sjer áður en lög þessi ganga í gildi, halda þeir þangað til þeir hafa unnið sjer sveitfesti eftir lögum þessum.

Að öðru leyti fer um sveitfesti manna frá þeim degi að telja, er þau öðlast gildi, svo sem fyrir segir í lögum þessum.

Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 60 ára gamall, heldur hann síðan.

4. Við 23. gr. Greinin orðist svo:

Sveitfestisdvöl telst frá þeim degi, að honum meðtöldum, er innflytjandi eignast lögheimili í sveitinni, til þess dags, að þeim degi meðtöldum, er hann fær lögheimili í annari sveit.

5. Við 24. gr. Greinin orðist svo:

Eigi vinnur maður framfærslurjett með dvöl sinni í skóla, sjúkrahúsi, heilshæli eða þesskonar stofnun, eða fangahúsi. Slík dvöl slitur eigi sveitfesti í þeirri sveit, er maður átti lögheimili í áður.

6. Við 25. gr. Niðurlag annarar málsgreinar »þangað til . . . annarsstaðar« falli burt.